

BMF-2017-26 Breiðtorg - lifandi miðbær

Samstarfsverkefni Breiðdalshrepps og þeirra aðila sem tengjast umræddu torgi í miðju þorpinu á Breiðdalsvík. Um er að ræða yfirgripsmikið verkefni sem tekur lengri tíma, en nú er sótt um styrk til að hanna torgið. Til þess er fenginn landslagsarkitekt, sem komið hefur að mörgum verkefnum á Austurlandi og er aðalhönnuður Áfangastaðarins Austurlands. Góð samstaða er hjá samstarfsaðilum um að leggja metnað í verkefnið og vinna það sem best. Fellur vel að markmiðum íbúabings og íbúafunda um að fegra Breiðdalsvík.

Verkefninu var úthlutað 800.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.